



UMHVERFISSTOFNUN

Öryggisatriði á dvalarheimilum aldraðra

Samræmt eftirlitsverkefni Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga

ÖRYGGISATRIÐI Á DVALARHEIMILUM ALDRAÐRA

Samræmt eftirlitsverkefni Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga

ÁBYRGÐARMENN

Brynja Jóhannsdóttir og Sigríður Kristjánsdóttir

RITSTJÓRN

Brynja Jóhannsdóttir, Sigríður Kristjánsdóttir og
Hollustuháttahópur Umhverfisstofnunar og
Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga

HÖNNUN OG UMBROT

Völundur Jónsson

© Umhverfisstofnun, Reykjavík, 2012

UST-2012:01



UMHVERFISSTOFNUN

UMHVERFISSTOFNUN
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

SÍMI 591 2000
SÍMBRÉF 591 2010
umhverfisstofnun@umhverfisstofnun.is

Umhverfisstofnun hvetur þig til að íhuga vandlega
umhverfisáhrif þess að prenta þessa skýrslu.

Við prentun mun útlit skýrslunnar breytast til þess að
minnka umhverfisáhrif eins og mögulegt er.

Inngangur

Í árlegu eftirlitsverkefni Hollustuhóps, sem er samstarfshópur Heilbrigðiseftirlits-
svæða og Umhverfisstofnunar, árið 2010, voru skoðuð öryggismál á dvalarheim-
ilum aldraðra.

Fyrirmynd að þessu verkefni er könnun sem Slysavarnarfélagið Landsbjörg gerði
á öryggismálum á heimilum eldri borgara, í Kópavogi annars vegar og í Garðabæ
hins vegar, á árunum 2007-2009. Niðurstöður þessara kannana voru gefnar út í
skýrslum á vegum Slysavarnarfélagsins Landsbjargar og viðkomandi sveitarfélaga.

Ákveðið var að útfæra þessa könnun á landsvísu til að fá upplýsingar um öryggis-
mál á dvalarheimilum aldraðra um land allt. Dvalarheimilum hefur fækkað á undan-
förnum árum þar sem lögð hefur verið aukin áhersla á að gera eldri borgurum kleift
að búa sem lengst heima hjá sér með því að veita þeim ýmsa þjónustu heima fyrir.
Alls voru heimsótt 23 dvalarheimili og í þessari skýrslu er fjallað um heildarniður-
stöður en dvalarheimilin eru ekki nafngreind sérstaklega.

Framkvæmd

Verkefnið var framkvæmt á sjö af tíu heilbrigðiseftirlitssvæðum landsins. Alls voru
skoðuð 3 dvalarheimili í Reykjavík, 1 á svæði Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og
Kópavogs, 1 á Vestfjörðum, 6 á Norðurlandi Vestra, 8 á Norðurlandi Eystra, 4 á Aust-
urlandi og 1 á Suðurlandi. Könnunin fór fram á tímabilinu júní til desember 2010.
Heilbrigðisfulltrúar á hverju svæði völdu dvalarheimili til skoðunar. Síðan fóru þeir
í heimsókn á dvalarheimilin, hver á sínu svæði, og skoðuðu þau út frá gátlista sem
fylltur var út á staðnum. Einungis voru skoðuð öryggismál í sameiginlegum rýmum
á dvalarheimilunum en ekki á einkaherbergjum. Niðurstöður voru síðan færðar inn
í gagnvirkan gagnagrunn á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Gerð gagnagrunns, úr-
vinnsla gagna og skýrslugerð var að mestu unnin á Umhverfisstofnun en í samráði
við Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga.

Niðurstöður



Alls voru athuguð hátt í 50 atriði sem skipta máli varðandi öryggi þeirra sem búa á dvalarheimilum víða um land. Niðurstöðum er skipt upp í sex kafla eftir herbergjum og öryggisatriðum sem könnuð voru sérstaklega.

AÐKOMA DVALARHEIMILIS – INNGANGUR:

Um aðkomu og inngang að húsnæðinu má segja að þar séu flest þau atriði sem spurt var um í þessum hluta, í nokkuð góðu lagi. Þó er það þannig að í sjö heimilum af tólf þar sem tröppur eru að inngangi vantar handrið beggja vegin við þær og á tveimur af þessum stöðum er hjólastólabraut ekki til staðar. Hjólastólabraut og handrið til beggja handa í tröppum og stigum dregur úr fallhættu og auðveldar fólki að komast ferða sinna hjálparlaust, sem er flestum mjög mikilvægt. Athygli vekur að á 14 heimilum af 24 eru þröskuldar í útidyrum, en þeir geta verið mikil hindrun fyrir þá sem nota göngugrind eða hjólastól.

STIGAR OG GANGAR INNANHÚSS

Lýsing í stigum og göngum er í góðu lagi á nánast öllum stöðunum, næturlýsingu vantaði á ganga á einu dvalarheimilanna og lýsing var ekki nógu góð í stigum á tveimur af 19 heimilum þar sem stigar eru. Handrið er aðeins öðru megin við stiga á fjórum heimilum. Gólfefni eru í góðu lagi og greiðfært er um ganga á öllum stöðunum. Á þrem stöðum eru neðstu þrep í stigum ekki auðkennd (gerð greinilegri) og það eru ekki stamir límborðar eða annað sambærilegt fremst á þrepum stiganna. Sjón-daprir geta átt erfitt með, að greina neðsta þrep frá gólfi, þegar þeir ganga niður stiga og telja sig komna niður þegar neðsta þrepi er náð og er þá hætt við falli. Auðkenni á neðsta þrepi í stiga auðveldar fólki að greina þrepið frá gólfi og dregur þar með úr fallhættu. Þó má taka fram að sumir sjúklingar með heilabilun eiga erfitt með að stíga yfir "rendur" í gólfefni.



ALMENN ATRIÐI

Spurt var út í nokkur almenn atriði varðandi dvalarheimilin s.s. um hvort sérherbergi væru til staðar, snyrtiaðstöðu, eldunaraðstöðu og lýsingu.

SÉRHERBERGI	JÁ	NEI
Hafa allir heimilismenn sérherbergi?	18	6

Á átján heimilum hafa íbúar sérherbergi og í flestum tilfellum einnig sér baðherbergi. Þar sem íbúar þurftu að deila með sér snyrtiaðstöðu voru í flestum tilfellum 2-3 um hverja aðstöðu en á einu heimili voru 8 heimilismenn sem deildu slíkri aðstöðu.

SNYRTING	JÁ	NEI
Er handfang við klósett?	21	1
Eru hitastýrð blöndunartæki við handlaug?	12	11

Handfang auðveldar fólki að setjast og standa upp af klósettinu og er það til staðar á öllum heimilum nema einu. Afur á móti vantar hitastýrð blöndunartæki á handlaugar á 12 heimilum af 21. Nauðsynlegt er að hafa hitastýrð blöndunartæki við handlaugar og böð til að koma í veg fyrir húðbruna. Eldra fólk er svífaseinna en yngra fólk og er seinna að bregðast við ef það setur hönd undir heitt vatn og er því hattara við húðbruna af völdum of heits vatns.


ELDHÚS	JÁ	NEI
Er eldunaraðstaða fyrir heimilismenn? ²⁾	10	11

²⁾ eldunaraðstaða = rafmagnstæki til hitunar á vatni

Á um helmingi heimila er möguleiki til eldunaraðstöðu. Yfirleitt var um að ræða einfalda aðstöðu s.s. aðstaða til hitunar á vatni eða kaffivél.

LÝSING	JÁ	NEI
Eru öll herbergi með góðri lýsingu?	24	0
Er hægt að kveikja ljós áður en gengið er inn í herbergið?	17	6
Eru næturljós til staðar á göngum, salernum, herbergjum og svefnherbergjum?	18	4

Góð lýsing er í herbergjum á öllum stöðunum en á tæpum fjórðungi staða er ekki hægt að kveikja ljós áður en gengið er inn í herbergin. Á meirihluta dvalarheimilanna eru næturljós á göngum og í herbergjum.



BAÐHERBERGI

Sérstaklega var spurt út í gólfefni en mörg alvarleg slys hafa orðið þegar fólk hefur runnið og fallið á hálu baðherbergisgólfi eða í baðkari. Stama mottu vantaði í baðkar aðeins á einu heimilanna. Stamt gólfefni var í baðherbergjum á langflestum heimilanna. Stamar mottur í baðkörum og stamt gólfefni draga mjög úr slyshættu í baðherbergjum.


Margir eiga erfitt með að setjast í og standa upp úr baðkari og handfang kemur þar að góðum notum. Baðstólar auðvelda fólki að þvo sér í sturtu og léttir einnig undir með starfsfólki sem aðstoðar við böðun. Handfang er allstaðar við baðkar og baðstólar eru í öllum baðherbergjum. Í fjórum tilfellum er ekki bjalla í baðherbergi.

Hitastýring á blöndunartækjum við handlaugar á baðherbergjum eru einungis á tæplega helmingi dvalarheimila. Hér að ofan var fjallað um nauðsyn þess að hafa hitastýrð blöndunartæki við handlaugar og böð til að koma í veg fyrir húðbruna.

SETUSTOFA

Spurt var um hæð sófa og stóla og hvort þeir væru þannig að auðvelt væri að setjast og standa upp og var það í lagi á öllum heimilunum. Á tveimur heimilum var það mat heilbrigðisfulltrúa að ekki væri nægjanlega tryggilega gengið frá snúrum frá rafmagnstækjum þannig að hætta var á að detta um þær. Gott aðgengi fyrir alla úr setustofu út á svalir mætti vera almennara, það hvetur til útiveru. Á nær öllum stöðum er auðvelt að komast að gluggum til þess að opna þá.

Á öllum heimilunum eru gólfefni í góðu lagi og á fáum stöðum eru lausar mottur. Húsgögn eru stöðug en þó eitthvað um að skörp horn væru á húsgögnum sem gætu skapað slyshættu. Almennt er auðvelt að fara um í setustofum allra dvalarheimilanna.



NEYÐARAÐSTOÐ OG ÖRYGGISATRIÐI

Að lokum eru tekin saman atriði er varða neyðaraðstoð og sérstök öryggisatriði:

NEYÐARAÐSTOÐ	JÁ	NEI
Er bjalla eða sími við rúm?	23	1

Aðeins á einu dvalarheimilanna var ekki sími eða bjalla við rúm íbúa.

ÖRYGGISATRIÐI	JÁ	NEI
Er reyk í húsinu?	10	12
Eru lyf geymd í læstum hirslum?	22	1
Eru hreinsiefni geymd í læstum hirslum?	16	7

Á öllum heimilunum, nema einu, eru lyf geymd í læstri hirslu, en á sjö heimilum eru hreinsiefni ekki geymd í læstri hirslu. Reykt er á tæpum helmingi heimilanna en yfirleitt í sér reykingaberbergjum.

Samantekt

Nánast allir öryggisþættir sem skoðaðir voru í þessari könnun eru í lagi. Þó er þar ein undantekning á. Það á við um hitastýringu blöndunartækja sem vantar á handlaugar á baðherbergjum og snyrtingum á meira en helmingi heimilanna og ástæða til að bæta úr því til að koma í veg fyrir húðbruna heimilisfólks.

Lýsing er góð bæði við inngang húsanna og í herbergjum, næturlýsingu vantar þó á göngum, salernum, herbergjum og svefnherbergjum á 3 heimilum af 21. Gólfefni eru alls staðar í lagi og lítið um lausar mottur. Stamt gólfefni er víðast á baðherbergjum og stamar mottur í baðkörum.

Auðvelt er að fara um í setustofum og húsgögn þar eru stöðug og við hæfi heimilismanna, þ.e. auðvelt fyrir þá að setjast og standa upp úr sófum og stólum. Í tveimur setustofum af 22 var ekki gengið nógu vel frá rafmagnssnúrum á gólfi. En lausar snúrur á gólfum eru slysagildirur.



UMHVERFISSTOFNUN

2012

